

Lára Stefánsdóttir skólameistari MTR, formaður vinnuhóps um miðlunarnám.

Hugmynd að ramma um vinnu við að skoða samvinnu framhaldsskólanna á Norðurlandi Eystra um miðlunarnám. Jóhannes Árnason og Hilmar Friðjónsson VMA.

Í febrúar 2022 verði komin þessi mynd á vinnu að miðlunarnámi á Norðurlandi:

- A Búið að ákveða að gera stærra verkefni úr þessu til að undirbúa fagnám/starfsnám.
- B Búið að ramma slíkt verkefni inn með því að tilgreina verkþætti (námskrá annarra skóla, hugmyndir um námskrá, tengsl við fagaðila, kannanir á áhuga og þörf, yfirlit um tækjabúnaðarþörf, athuganir á stundatöflum og fyrirkomulagi, kostnaðarmat, samþykktarferli námskrár....)
- C Búið að útbúa kynningu og lýsingar á því hvernig hópurinn sér miðlunarnám í mismunandi samhengi:

### **Miðlunarlæsi.**

Almenn kunnátta allra nema á öllum eða flestum brautum í að nota tæki til að taka upp, vista, klippa og miðla í daglegu lífi, námi og starfi. Til verði uppkast að góðri lýsingu með hugtökum og lýsingum á kröfum sem er eðlilegt að gera til slíkrar þjálfunar. Þessi hæfni yrði fengin með vinnu í ýmsum áföngum og með þjálfun kennara í að kenna og nýta þetta sem miðil í námi. Hægt verði að byrja að nýta þessar lýsingar strax haustið 2022.

### **Miðlun sem námsgrein**

Til verði sérstakir áfangar í miðlun sem namar á ákveðnum brautum geta valið eða eiga að taka. Hér verði gerðar meiri kröfur um hæfni, í tækni, fagurfræði, um höfundarrétt og fleira. Að allir skólarnir komi sér saman um lýsingar á slíkum áföngum og þeir geti verið sambærilegir eða þeir sömu. Hægt verði að nýta það sem kennarar hafa boðið uppá og sambærilegir áfangar verði í boði fyrir haustönn 2022.

### **Miðlun sem starfsgrein**

Unnið verði að því að útbúa námskrá fyrir sérstakt starfs / fagnám í miðlun í nánu samhengi og samvinnu við fagmenn á svæðinu. Miðað verði við öflugt vinnustaðanám og sterka tengingu kennara í skóla og fagmanna við að þróa námið.

Tilgreindur verði tímarammi til að geta boðið námið, helst að hægt verði að byrja með sérnám (byrjunaráfanga í sérnámi á haustönn 2023 (hugsanlega á vorönn 2023 eða ef tíminn er ekki nægur, á vorönn 2024).

Í umræðum í vinnuhópi í janúar og febrúar 2022 verði rætt um þrepaskiptingu námsins, samvinnu við vinnustaði og fyrirkomulag við það þannig að vinnuhópurinn leggi línur fyrir áframhaldandi vinnu við undirbúning starfsnámsins.

Mikilvægt er að í þessari vinnu komi fram leið til að rýna jafnóðum ogeftir nokkur ár hvernig til hefur tekist.